

Setningarávarp

Hreinn Haraldsson
Framkvæmdastjóri þróunarsviðs Vegagerðarinnar

Ágætu ráðstefnugestir.

Ég býð ykkur öll velkomin á rannsóknarráðstefnu Vegagerðarinnar, þá fjórðu á jafn mörgum árum. Ég held að ég geti fullyrt að þessi ráðstefna hefur nú unnið sér fastan sess í starfsemi okkar, og það byggist fyrst og fremst á áhuga ykkar sem teljið það þess virði að eyða meira eða minna heilum degi í að hlýða á það efni sem hér er flutt, og að sjálfsögðu ekki síður þeim jákvæðu undirtektum sem við fáum jafnan frá þeim sem beðnir eru um að flytja hér fyrirlestra um aðskiljanleg efni. Það hafa aldrei verið skráðir jafn margir þátttakendur og í dag, yfir 170 manns, og þar af um 75 frá Vegagerðinni. Ég vil nota tækifærið og bjóða sérstaklega velkomna þá 23 ökukennaranema sem ætla að vera með okkur til hádegis. Að vanda höfum við reynt að hafa sem fjölbreyttast efni á ráðstefnunni, og ég trúi því að allir finni þar eitthvað við sitt hæfi.

Rannsóknarstarf hér á landi hefur vaxið mjög á síðustu 10 árum. Nú er svo komið að Ísland er í 3. til 4. sæti á heimslistanum í heildarframlögum til rannsókna, með um 3 % af landsframleiðslu. Þar af er 1,2 % frá opinberum aðilum, en 1,8 % frá fyrirtækjum. Eins og mörg ykkar vita er kveðið á um það í vegalögum að 1 % af mörkuðum tekjum til vegamála skuli renna til rannsókna- og þróunarstarfs. Fyrir nokkrum árum þótti þetta mjög gott, enda ekki nema áratugur frá því þetta hlutfall var hækkað um helming. En nú er svo komið að margar þjóðir eru komnar fram úr okkur hvað varðar hlutfallslegt fjármagn til vegagerðar- og samgöngurannsókna, auk þess sem opinber framlög almennt til rannsókna hérlendis er komið yfir 1 % eins og áður sagði. Það er engum blöðum um það að fletta að ný þekking er grundvöllur tæknilegra framfara, hagkvæmari lausna og skilvirkari starfsemi almennt, og það gildir um vegagerð og samgöngumál ekki síður en aðra þætti samfélagsins. Jafn fámenn þjóð og okkar hlýtur ávallt að líta töluvert til annarra landa um nýjar lausnir á sameiginlegum vandamálum, en ætíð er þó full þörf á innlendum rannsóknum á ýmsum sviðum sem unnar eru á okkar forsendum. Ég tel með tilliti til þess sem rakið var hér að framan að nauðsynlegt sé að stefna að því að hækka framlag til rannsóknarstarfs okkar amk. í 1 ½ % af mörkuðum tekjum, og ekki síst með tilliti til þess að markaðar tekjur munu fyrirsjáanlega fara lækkandi á komandi árum.

Aukin alþjóðavæðing býður uppá nýjan aðgang að þekkingu og fjölmörg tækifæri til samstarfs. Samstarf á sviði vega- og samgöngurannsókna í Evrópu verður sífellt öflugra og víða er nú unnið að mótun sameiginlegra áætlana og jafnvel stofnun sameiginlegra sjóða. Í einstökum löndum er jafnan verið að vinna að lausn einhverra vandamála og verkefna sem aðrar þjóðir eru einnig að kljást við. Það segir sig sjálft að viturlegra hlýtur að vera að leggja saman kraftana og nýta þannig betur fjármagn og mannaúð, einkum þegar um stærra og flóknari verkefni er að ræða. Ég tel að við getum í mörgum tilfellum haft gagn af því að taka þátt í þessu samstarfi, enda erum við nú þegar þátttakendur í ýmsum nefndum og verkefnum á þessu sviði. Næsta ár mun Ísland stýra starfsemi CEDR, sem eru samtök vegamálstjóra í Evrópu, og við

höfum hug á að nýta það tækifæri til að leggja aukna áherslu á tengsl milli rannsókn- og þróunarstarfs og almennrar starfsemi Vegagerða í álfunni.

Rannsóknarstarf ársins 2005 hefur verið með svipuðu sniði og undanfarin ár. Á hverju ári þarf að velja þau verkefni sem fá fjárstuðning úr stórum hópi umsókna, en samþykkt verkefni eru alla jafna um 100 að tölu á ári. Síðustu 5 ár hefur verið lögð áhersla á umferðaröryggisrannsóknir, fyrst og fremst gegnum hið svokallaða RANNUM samstarf. Frá og með næsta ári verður lögð aukin áhersla á rannsóknir sem tengjast umhverfismálum og upplýsingatækni. Ég vil nota þetta tækifæri til að hvetja ykkur til að fara að hugleiða þessi atriði, og leggja fram hugmyndir um efni á þessum sviðum sem áhugavert væri að rannsaka eða þróa, annaðhvort með því að hafa samband við okkur sem höldum utanum rannsóknastarfið, eða með beinum umsóknum á nýju fjárhagsári. En ég myndi einnig gjarnan vilja sjá hugmyndir um rannsóknarsamstarf á þessum sviðum með öðrum stofnunum, fyrirtækjum eða samtökum, og gera þær þannig öflugri og markvissari.

Á síðustu ráðstefnu var boðuð ákveðin áherslubreyting á fyrirkomulagi rannsókna með tilkomu nýrrar rannsóknarstefnu, þar sem lögð verður aukin áhersla á verkefni sem Vegagerðin skilgreinir og fær í flestum tilfellum utanaðkomandi aðila til að leysa. Því miður hafa þessar breytingar dregist nokkuð, einkum vegna starfsmannaskorts í málaflokknum. Það stendur nú til bóta með ráðningu forstöðumanns rannsóknadeildar, og því má vænta einhverra breytinga frá og með næsta ári.

Ágætu ráðstefnugestir – ég vona að þessi dagur verði bæði fróðlegur og skemmtilegur, og að þið getið síðan haldið það út að bíða í heilt ár eftir næstu ráðstefnu! Hafdís E. Jónsdóttir verkefnisstjóri á jarðfræðideild hefur tekið að sér fundarstjórn fyrir hádegi, og Eymundur Runólfsson forstöðumaður áætlana- og umhverfiseildar eftir hádegi. Um leið og ég bið Hafdísi að taka við stjórninni segi ég þessa 4. rannsóknarráðstefnu Vegagerðarinnar setta.